

Fundur stjórnar Íshokkísambands Íslands
mánudagurinn 21. Janúar 2025, klukkan 17:00

Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður, (HP), Hilmar Leifsson (HL), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GÍÞ), Olgeir Olgeirsson (OO), og Viðar Garðarsson (VG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Ingólfur Elíasson (IE), Sigrún Agata (SA), Arnar Sveinsson (AS) og Bergur Jónsson sem er í leyfi að eigin ósk

Fundargerð síðasta fundar var birt á Slack svæði stjórnar þar sem stjórnarfolk gat lesið hana yfir og gert athugasemdir. Engar athugasemdir bárust á Slack og ekki heldur við upphaf fundar og var því fundargerðin frá 17. Desember 2025, borin undir atkvæði og hún samþykkt samhljóða.

Fyrir fundinum liggur erindi frá SR, ósk um félagaskipti og leikleyfi fyrir hóp barna sem vill færa sig frá Fjölni yfir til SR. Nokkur umræða var um málið og kom fram í henni að VG hefði fengið skriflega staðfestingu frá Fjölni að félagið setti sig ekki upp á móti þessum félagaskiptum. Vegna þess að svona tilfærslur innan tímabils eru óhefðbundnar og þær geta haft áhrif á fleiri aðila en þau tvö lið sem tengjast málinu þá var framkvæmdastjóri falið að leita álits hjá Skautafélagi Akureyrar einnig, þannig að fyrir liggi að ekkert félag setji sig upp á móti umræddum félagaskiptum. Ef álit SA er jákvætt hefur framkvæmdastjóri samhljóða undanþágu og heimild til þess að ganga frá félagaskiptum og leikleyfum fyrir þennan hóp.

Framkvæmdastjóri gaf munnlega skýrslu um stöðu landsliðsverkefna. Þegar fundurinn er haldinn. Er U18 ára lið kvenna við keppni í Istanbul Tyrklandi og U20 ára lið karla við keppni í Belgrad Serbíu.

Undir 18 ára lið drengja verðu við keppni í Mexíkóborg 2. til 8. mars 2025. Kvenna liðið heldur til Bytom í Pólandi í byrju apríl og karla liðið heldur til Nýja Sjálands í enda apríl fram í byrjun maí.

Önnur mál:

Rætt var um að gera upplýsingar um kostnað vegna einstakra landsliða betur aðgengilegar fyrir stjórnarfolk. Gera þarf breytingar á bókhaldi sambandsins til þess að ná betur utan um það. Frkvstj falið að ræða við endurskoðanda um aðlögun á kerfi.

GÍÞ upplýsti að hún hefði tekið með sér heim búnað fyrir dómara sem kemur sem framlag frá Alþjóða Íshokkísambandinu. Samþykkt var að dómaranefnd ÍHÍ sjái um að útdeila þessum búnaði á starfandi dómara.

Fleira ekki rætt of fundi slitið.